

Móttaka nýrra nemenda í Þjósárskóla

Nemendur sem koma frá Leikholti – leikskóla sveitarfélagsins

Samastarf milli Leikhólts og Þjósárskóla hefur það meðal annars að markmiði að styrkja flæðið milli skólanna þannig að nemendur taki þátt í skólastarfi beggja skólastiga á mótum þeirra.

Elstu nemendur í Leikholti koma vikulega í ákveðinn tíma í Þjósárskóla með kennara sínum frá Leikholti og eru með í kennslu fyrstu bekkinga Þjósárskóla. Þannig kynnast þau nemendum sem eru nálægt sér í aldri og aðstæðunum sem þau vinna í. Í leikskólaheimsóknum kynnast leikskólanemendur almennu starfi skólans, frímínútum og starfsmönnum skóla. Farið er um skólann og kynnst hvar helstu hluti og rými er að finna. Í lok skólaársins áður en nemendur hefja formlegt nám við skólann, mæta nemendur með skólabíl og eru heilan dag án kennara Leikhólts. Þá er fylgt stundatöflu 1. bekkjar eftir því sem mögulegt er. Í þeirri heimsókn kynnast nemendur matartímum og fleiri rýmum innan skólans.

Að vori er kynningarfundur fyrir foreldra væntanlegra nemenda skólans þar sem farið er í ýmis hagnýt atriði í skólastarfinu.

Íslenskir nemendur sem koma frá öðrum grunnskóla.

Skólastjóri tekur á móti nemanda og foreldri og fær upplýsingar um fyrri skólagöngu og kynnir helstu atriði varðandi skipulag á skólagöngu í Þjósárskóla, s.s. kennsluhóp, kynjaskiptingu, stundatöflu, starfsáætlun skólans, hagnýt atriði um skólann og skólaakstur. Nemandi og foreldri er síðan kynnt fyrir umsjónarkennara og samnemendum skólans. Umsjónarkennari eða skólastjóri fara með nemanda og foreldrum um skólann og kynna ýmis rými og aðstæður, s.s. morgunmat í sal, mötuneyti í Árnesi, kennarastofu, skólalóð, íþróttaaðstöðu/sundkennslu.

Erlendir nemendur sem koma frá öðru landi.

Fylgt er bæklingi Skólaskrifstofu Suðurlands um fyrsta viðtal og hagnýtar upplýsingar þar.

Samþykkt á kennarafundi 15. september 2010.